



Vátryggingafélag Íslands hf.



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar - 30. september 2022

Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu

1. janúar - 30. september 2022

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2-3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjáryfirlit	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8-13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. ("félagið" eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árshlutareikninga, IAS34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á fyrstu níu mánuðum ársins 479 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 58.736 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 17.432 milljónum króna.

Samsett hlutfall tímabilsins var 101,2% (9M 2021: 97,7%), tjónahlutfall var 77,1% (9M 2021: 77,2%), endurtryggingahlutfall var 2,0% (9M 2021: -1,3%) og rekstrarkostnaðarhlutfall var 22,1% (9M 2021: 21,9%). Ávöxtun fjáreigna var jákvæð um 2,6% (9M 2021: 16,2%).

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 17. mars. Á fundinum var ný stjórn kosin. Í aðalstjórn voru kosin Stefán Héðinn Stefánsson, stjórnarformaður, Vilhjálmur Egilsson, varaformaður stjórnar, Guðný Hansdóttir, Marta Guðrún Blöndal og Valdimar Svavarsson. Sveinn Friðrik Sveinsson og Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir voru kosin í varastjórn félagsins.

Félagið gaf út afkomuspá fyrir 2022 þann 31. janúar og gerði spáin ráð fyrir að samsett hlutfall yrði 95-97% á árinu. Við vinnslu á uppgjöri þriðja ársfjórðungs 2022 kom í ljós að uppfæra þurfti horfur ársins, sem gefnar voru út og var tilkynning þess efnis send út 12 október sl.

Áhrif breyttra verðbólguvæntinga Seðlabanka Íslands á fyrstu níu mánuðum ársins á samsett hlutfall félagsins er metið til þriggja prósentu hækkunar á ársgrundvelli. Auk þess var þriðji ársfjórðungur tjónaþyngri en gert var ráð fyrir. Þetta leiðir til þess að nú er áætlað að samsett hlutfall ársins verði á bilinu 98-100%.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutfé og ráðstöfun hagnaðar

Skráð hlutfé félagsins nam í lok tímabilsins 1.750 milljónum króna og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hluthafar félagsins voru 957 í lok tímabilsins en voru 871 í ársbyrjun. Um 50% (2F 2022: 51%) hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 28% (2F 2022: 18%) í eigu annarra lögaðila, 2% (2F 2022: 7%) í eigu fjármálafyrirtækja, 6% (2F 2022: 6%) í eigu einstaklinga, 13% (2F 2022: 18%) í eigu innlendra sjóða og 1% (2F 2022: 0%) í eigu erlendra sjóða. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs að fjárhæð 3.500 milljónir eða 2 kr. á hlut, var samþykkt á aðalfundi félagsins og greiddi félagið arð til hluthafa þann 29.mars s.l.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. september 2022. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. október 2022

Í stjórn

Stefán Héðinn Stefánsson
stjórnarformaður

Vilhjálmur Egilsson
varaformaður

Marta Guðrún Blöndal

Valdimar Svavarsson

Guðný Hansdóttir

Forstjóri

Helgi Bjarnason

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2022

	Skýr.	3F 2022	3F 2021	9M 2022	9M 2021
Iðgjöld tímabilsins		6.286.420	5.954.829	17.891.522	17.124.043
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(193.445)	(213.686)	(569.843)	(568.332)
Eigin iðgjöld	6	6.092.975	5.741.143	17.321.679	16.555.711
Vaxtatekjur	7	206.705	128.641	555.534	445.704
Gengismunur gjaldmiðla		16.975	16.071	12.994	(1.436)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	7	110.839	1.864.278	584.340	6.622.462
Fjárfestingatekjur		334.520	2.008.989	1.152.869	7.066.730
Aðrar tekjur		8.115	14.150	33.708	50.426
Heildartekjur		6.435.609	7.764.282	18.508.256	23.672.868
Tjón tímabilsins		(4.965.707)	(4.085.104)	(13.790.231)	(13.220.791)
Hluti endurtryggjenda í tjónum		93.239	40.362	204.059	794.606
Eigin tjón	8	(4.872.467)	(4.044.743)	(13.586.172)	(12.426.185)
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar váttryggingaskuldar		(165.887)	27.450	222.438	229.741
Rekstrarkostnaður		(1.289.789)	(1.225.631)	(4.228.263)	(4.042.037)
Vaxtagjöld		(142.080)	(73.822)	(395.687)	(240.692)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna		(17.328)	(9.248)	(25.780)	(42.432)
Heildargjöld		(6.487.551)	(5.325.995)	(18.013.464)	(16.521.606)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		(51.941)	2.438.288	494.792	7.151.261
Tekjuskattur	9	(17.692)	(207.259)	(15.596)	(417.543)
Hagnaður (tap) og heildarafkoma tímabilsins		(69.633)	2.231.029	479.197	6.733.718
Hagnaður (tap) á hlut:					
Hagnaður (tap) og þynntur hagnaður á hlut		(0,04)	1,24	0,27	3,74

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árs hlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. september 2022

	Skýr	30.9.2022	31.12.2021
Eignir			
Rekstrarfjármunir		387.176	474.298
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir		1.415.212	1.460.707
Húsaleiguréttindi		646.298	699.536
Fjárfestingareignir	10	42.352.284	44.679.379
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.170.024	1.774.154
Viðskiptakröfur		8.158.002	6.516.721
Endurtryggingaeignir		1.328.568	1.207.380
Aðrar kröfur		1.164.712	697.599
Handbært fé		2.113.268	1.552.903
Eignir samtals		<u>58.735.546</u>	<u>59.062.676</u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.750.000	1.750.000
Lögbundinn varasjóður		625.620	625.620
Bundið eigið fé		8.175.564	9.371.188
Óráðstafað eigið fé		6.880.653	8.705.832
Eigið fé samtals		<u>17.431.837</u>	<u>20.452.640</u>
Skuldir			
Víkjandi skuldabréf	12	3.237.316	3.032.821
Tekjuskattsskuldbinding		95.584	64.728
Húsaleiguskuldbinding		693.424	742.477
Vátryggingaskuld	13	33.514.351	30.286.409
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.170.024	1.774.154
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		2.593.010	2.709.447
Skuldir samtals		<u>41.303.708</u>	<u>38.610.036</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>58.735.546</u>	<u>59.062.676</u>

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af ársþlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. september 2022

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2021					
Eigið fé 1.1.2021	1.894.462	625.620	5.455.207	9.016.599	16.991.888
Greiddur arður 0,85 kr. á hlut				(1.596.693)	(1.596.693)
Keyptir eigin hlutir	(94.462)			(1.508.385)	(1.602.848)
Hagnaður tímabilsins				6.733.718	6.733.718
Bundið eigið fé vegna verðbréfa			5.930.812	(5.930.812)	0
Eigið fé 30.9.2021	<u>1.800.000</u>	<u>625.620</u>	<u>11.386.019</u>	<u>6.714.427</u>	<u>20.526.066</u>
2022					
Eigið fé 1.1.2022	1.750.000	625.620	9.371.188	8.705.832	20.452.640
Greiddur arður 2 kr. á hlut				(3.500.000)	(3.500.000)
Hagnaður tímabilsins				479.197	479.197
Bundið eigið fé vegna verðbréfa			(1.195.624)	1.195.624	0
Eigið fé 30.9.2022	<u>1.750.000</u>	<u>625.620</u>	<u>8.175.564</u>	<u>6.880.653</u>	<u>17.431.837</u>

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstremisýfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2022

	9M 2022	9M 2021
Rekstrarhreyfingar		
Heildarhagnaður tímabilsins	479.197	6.733.718
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(172.842)	(203.576)
Gangvirkisbreyting fjáreigna	(584.340)	(6.622.462)
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(577)	(1.864)
Afskriftir	443.110	541.407
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Fjárfestingareignir, breyting	4.671.682	1.533.165
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, breyting	(1.900.983)	277.496
Viðskiptakröfur, breyting	(1.740.864)	(1.207.440)
Endurtryggingaeignir, breyting	(121.188)	(339.959)
Aðrar eignir, breyting	(467.113)	(72.874)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting	30.856	149.310
Vátryggingaskuld, breyting	3.227.942	2.451.643
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting	(16.855)	(227.560)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	3.848.024	3.011.007
Innborgaðar fjármunatekjur	720.769	580.100
Greidd fjármagnsgjöld	(191.192)	(185.428)
Handbært fé frá rekstri	4.377.601	3.405.678
Fjárfestingahreyfingar		
Keyptir rekstrarfjármunir	(29.234)	(17.994)
Seldir rekstrarfjármunir	7.132	16.658
Keyptar óefnislegar eignir	(179.506)	(363.701)
	(201.606)	(365.036)
Fjármögnunarhreyfingar		
Keyptir eigin hlutir	0	(1.602.848)
Greiddur arður	(3.500.000)	(1.596.693)
Höfuðstóls afborganir húsaleiguskuldar	(104.125)	(93.621)
	(3.604.125)	(3.293.162)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	571.869	(252.521)
Handbært fé í upphafi árs	1.552.903	1.575.825
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(11.499)	1.402
Handbært fé í lok tímabilsins	2.113.268	1.324.706

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Skýringar

1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífis). Samstæðan starfar á sviði skadatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í sambengi við ársreikning hennar fyrir árið 2021.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands www.nasdaqomxnordic.com. Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 20. október 2022.

Nýir reikningsskilastaðlar

Engir nýir reikningsskilastaðlar hafa verið innleiddir á árinu 2022.

Samstæðan hefur frestað upptöku IFRS 9 Fjármálagæringar til 2023 og mun taka hann upp samhliða upptöku IFRS 17 Vátryggingasamningar.

IFRS 17 mun leiða til verulegra breytinga á uppsetningu á yfirliti um heildarafkomu og hvernig tekjur og gjöld af vátryggingasamningum birtast í rekstrarreikningi, þó svo að áhrif á heildarafkomu verði óveruleg. Framsetning og innihald efnahags breytist þannig að viðskiptakröfur vegna vátryggingasamninga og iðgjaldaskuld munu að miklu leyti renna saman sem einn liður undir skuldum. Áhrif af innleiðingu staðalsins á fjárhag og gjaldþol félagsins eru talin óveruleg, þrátt fyrir verulega breytingu á framsetningu á bæði rekstrar- og efnahagsreikningi.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir; sjá skýringu nr. 10
- vátryggingaskuld; sjá skýringu nr. 13

Skýringar

5. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2022 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins	16.646.482	1.245.040	0	17.891.522
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(367.646)	(202.197)	0	(569.843)
Fjárfestingartekjur	300.443	27.215	825.211	1.152.869
Aðrar tekjur	33.708	0	0	33.708
Heildartekjur	16.612.987	1.070.058	825.211	18.508.256
Tjón tímabilsins	(13.156.588)	(633.643)	0	(13.790.231)
Hluti endurtryggjenda í tjónum	18.583	185.476	0	204.059
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	0	0	222.438	222.438
Rekstrarkostnaður	(3.689.738)	(252.274)	(286.251)	(4.228.263)
Vaxtagjöld	0	0	(395.687)	(395.687)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	0	(25.780)	(25.780)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	(214.756)	369.618	339.930	494.792
Tekjuskattur				(15.596)
Hagnaður tímabilsins				479.197

Afskrifur rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 333 milljónir króna og í fjármálarekstri 2 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 209 milljónir króna og sala rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri 7 milljónir króna.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2021 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins	15.950.534	1.173.509	0	17.124.043
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(362.080)	(206.252)	0	(568.332)
Fjárfestingartekjur	93.529	8.074	6.965.127	7.066.730
Aðrar tekjur	50.426	0	0	50.426
Heildartekjur	15.732.409	975.332	6.965.127	23.672.868
Tjón tímabilsins	(12.708.606)	(512.185)	0	(13.220.791)
Hluti endurtryggjenda í tjónum	661.078	133.528	0	794.606
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	0	0	229.741	229.741
Rekstrarkostnaður	(3.468.799)	(269.447)	(303.793)	(4.042.037)
Vaxtagjöld	0	0	(240.692)	(240.692)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	0	(42.432)	(42.432)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	216.082	327.228	6.607.951	7.151.261
Tekjuskattur				(417.543)
Hagnaður tímabilsins				6.733.718

Afskrifur rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 396 milljónir króna og í fjármálarekstri 2 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 382 milljónir króna og sala rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri 17 milljónir króna.

Skýringar

6. Eigin iðgjöld

	9M 2022	9M 2021
Bókfærð iðgjöld	19.917.058	19.189.469
Hluti endurtryggjenda	(709.131)	(699.560)
Breyting á iðgjaldaskuld	(2.025.536)	(2.065.426)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	139.289	131.228
Eigin iðgjöld.....	<u>17.321.679</u>	<u>16.555.711</u>

7. Fjárfestingatekjur

	9M 2022	9M 2021
Vaxtatekjur af bankareikningum	32.650	7.700
Aðrar vaxtatekjur	522.767	438.004
Fjármunatekjur.....	<u>555.534</u>	<u>445.704</u>
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa	417.753	5.287.482
Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna	166.587	1.334.979
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	<u>584.340</u>	<u>6.622.462</u>

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 206 (9M 2021: 146) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

8. Eigin tjón

	9M 2022	9M 2021
Bókfærð tjón	12.365.387	12.604.833
Hluti endurtryggjenda	(166.435)	(552.038)
Breyting á tjónaskuld	1.424.844	615.958
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	(37.624)	(242.568)
Eigin tjón.....	<u>13.586.172</u>	<u>12.426.185</u>

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árs hlutareikninginn.

Virkt skatthlutfall:

	1. janúar - 30. september 2022		1. janúar - 30. september 2021	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	494.792		7.151.261	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	98.958	20,0%	1.430.252	20,0%
Sérstakur fjársýsluskattur	0	0,0%	44.014	0,6%
Ófrádráttarbær kostnaður	6	0,0%	5	0,0%
Fenginn arður	(41.109)	-8,3%	(29.166)	-0,4%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	(42.442)	-8,6%	(1.028.330)	-14,4%
Aðrar breytingar	182	0,0%	768	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>15.596</u>	<u>3,2%</u>	<u>417.543</u>	<u>5,8%</u>

Skýringar

10. Fjárfestingareignir

	30.9.2022	31.12.2021
Eignarhlutar í öðrum félögum		
Skráð í innlendri kauphöll	6.752.731	8.640.961
Skráð í erlendum kauphöllum	1.467.081	637.960
Önnur félög	7.537.119	6.026.689
	<u>15.756.931</u>	<u>15.305.610</u>
Önnur verðbréf		
Ríkistryggð, verðtryggð	3.109.765	2.901.883
Ríkistryggð, óverðtryggð	4.587.152	5.134.928
Önnur skuldabréf	13.548.292	14.383.799
Skuldabréfasjóðir	2.609.163	3.678.748
Fagfjárfestasjóðir	2.740.980	3.274.412
	<u>26.595.353</u>	<u>29.373.769</u>
Fjárfestingareignir	<u>42.352.284</u>	<u>44.679.379</u>

11. Stigskipting gangvirkis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirkni, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsöndna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirkis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: Gangvirkni byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

Stig 2: Gangvirkismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stigi 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirkni annarra sambærilegra fjáreigna.

Stig 3: Gangvirkismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

Samstæða

30. september 2022	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirkni	23.918.090	1.481.715	13.830.693	39.230.498

Samstæða

31. desember 2021	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirkni	30.034.097	1.564.072	11.860.408	43.458.577

Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:

	9M 2022	9M 2021
Staða 1.1.	11.845.388	8.347.933
Keypt	1.812.451	2.315.711
Selt/afborganir	(2.453.979)	(1.719.694)
Flutt af stigi 1	540.804	0
Vextir, matsbreyting	2.086.028	1.782.957
Staða 30.9.	<u>13.830.693</u>	<u>10.726.907</u>

Skýringar

12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárfætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu.

13. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld er ákvörðuð sem besta mat samkvæmt ákvæðum Solvency II löggjafarinnar.

	30.9.2022	31.12.2021
Vátryggingaskuld (heild):		
Iðgjaldaskuld	10.261.043	8.235.659
Tjónaskuld	22.385.610	21.135.603
Áhættuálag	867.698	915.147
Vátryggingaskuld samtals	<u>33.514.351</u>	<u>30.286.409</u>
Hlutdeild endurtrygginga:		
Iðgjaldaskuld	289.197	149.908
Tjónaskuld	1.029.666	992.042
Hlutdeild endurtrygginga samtals	<u>1.318.863</u>	<u>1.141.950</u>
Vátryggingaskuld í eigin hlut:		
Iðgjaldaskuld	9.971.846	8.085.752
Tjónaskuld	21.355.944	20.143.561
Áhættuálag	867.698	915.147
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals	<u>32.195.488</u>	<u>29.144.460</u>

Tjónaskuld er reiknað besta mat félagsins samkvæmt Solvency II löggjöfnni á fjárhæð óuppperðra tjónsatburða á uppgjörstigi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörstigi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörstigi.

Áhættuálag er mat á fjármagnskostnaði við að leggja til eigið fé til jafns við gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir vátryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra. Áhættuálagið kemur ekki til greiðslu nema félagið selji vátryggingastofn sinn eða hluta hans.

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hluteldarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

	1.1.-30.9.2022		30.9.2022	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn	<u>10.630</u>	<u>5.840</u>	<u>459.257</u>	<u>566</u>
	1.1.-30.9.2021		31.12.2021	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn	<u>21.173</u>	<u>11.897</u>	<u>451.343</u>	<u>0</u>

Skýringar

15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árschlutareikningnum.

16. Lykilhlutföll

	9M 2022	9M 2021
Tjónahlutfall	77,1%	77,2%
Eigið tjónahlutfall	78,4%	75,1%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	22,1%	21,9%
Endurtrygginga kostnaðarhlutfall	2,0%	-1,3%
Samsett hlutfall	101,2%	97,7%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	1,58	1,68

17. Ársfjórðungayfirlit

	3F 2022	2F 2022	1F 2022	4F 2021	3F 2021
Iðgjöld tímabilsins	6.286.420	5.909.211	5.695.890	5.917.039	5.954.829
Eigin iðgjöld	6.092.975	5.724.258	5.504.445	5.745.545	5.741.143
Fjárfestingartekjur	334.520	452.082	366.268	1.192.632	2.008.989
Aðrar tekjur	8.115	10.623	14.970	15.906	14.150
Heildartekjur	6.435.609	6.186.964	5.885.684	6.954.083	7.764.282
Tjón tímabilsins	(4.965.707)	(4.342.157)	(4.482.367)	(4.031.616)	(4.085.104)
Eigin tjón	(4.872.467)	(4.270.995)	(4.442.709)	(3.903.910)	(4.044.743)
Tæknilegar vaxta- og gengisbr. váttryggingask.	(165.887)	150.737	237.588	(279.545)	27.450
Rekstrarkostnaður	(1.289.789)	(1.432.033)	(1.506.441)	(1.695.545)	(1.225.631)
Virðisryrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld	(159.407)	(129.969)	(132.090)	(91.688)	(83.070)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatta	(51.941)	504.702	42.032	983.394	2.438.288
Tekjuskattar	(17.692)	(28.590)	30.686	(33.320)	(207.259)
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins	(69.633)	476.113	72.718	950.075	2.231.029
Tjónahlutfall	79,0%	73,5%	78,7%	68,1%	68,6%
Eigið tjónahlutfall	80,0%	74,6%	80,7%	67,9%	70,5%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	19,1%	22,6%	24,8%	26,6%	19,0%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	1,6%	1,9%	2,6%	0,7%	2,9%
Samsett hlutfall	99,6%	98,0%	106,1%	95,5%	90,5%